

Tillaga - Samgöngur barna og ungmenna

Bæjarráð felur umhverfis- og tæknisviði að gera úttekt á umferðaröryggi sveitarfélagsins með sérstaka áherslu á annars vegar öryggi hjóla- og gönguleiða með tilliti til barna og ungmenna og hins vegar öryggi þeirra þegar kemur að almenningssamgöngum sem og gæði almenningssamgangna eftir hverfum til og frá skóla, tómstunda og íþróttu. Í kjölfarið verði stefna um öruggar samgöngur uppfærð.

Greinargerð

Krafan um þátttöku barna og ungmenna að málum sem snerta ákvarðanir er varða þau sjálf fer sífellt vaxandi. Við 30 ára afmæli Barnasáttmála sameinuðupjóðanna eru sveitarfélög að horfa til þess hvernig megi styrkja aðkomu barna og ungmenna ennfrekar þegar ákvarðanir um þau eiga í hlut.

Svo á einnig um samgöngur þ.e. að horfa sérstaklega til barna og ungmenna í því samhengi. Rýna þarf í þarfir þeirra á tíðni almenningssamgangna, vera meðvitaður um mikilvægi þess og tryggja að hjóla- og göngustígar séu greiðfærir en ekki síður að þær leiðir séu öruggar fyrir börn og ungmenni. Umferðaröryggisstefna Garðabæjar er frá árinu 2013 og því brýnt að fara í endurskoðun í ljósi vaxtar sveitarfélagsins sem og nýrra hverfa sem hafa og eru að byggjast upp.

f.h. Garðabæjarlistans

Sara Dögg Svanhildardóttir

bæjarfulltrúi